

Símaappið

29.01.2026

Í Símaappinu getur þú sýslað með þjónusturnar þínar á einfaldan hátt.

Hvar næ ég í appið?

Þú getur sótt Símaappið í App Store eða Google Play.



Innskráning

Þegar þú hefur sótt appið getur þú skráð þig inn með rafrænum skilríkjum, Auðkennis appinu eða SMS.



Takmarkaður aðgangur

Ef þú skráir þig inn með SMS getur þú bara sýslað með farsímanúmerið sem þú skráir þig inn með.

Kaupa inneign

Í appinu getur þú fyllt á Frelsið eða bætt gagnamagni eða inneign við önnufyrirframgreidd númer.

- Veldu **Aðgerðir**
- Veldu **Fylla á**
- Veldu númerið sem þú vilt fylla á. Ef það er ekki í listanum getur þú smelt **Velja annað númer**.
- Veldu tegund inneignar:
 - **Áfylling** (eða krónuinneign) er hefðbundin inneign sem getur greitt fyrir alla notkun samkvæmt verðskrá.
 - **Þrenna** er mánaðarleg áfylling svipuð hefðbundinni áskrift, nema hún er greidd með greiðslukorti í upphafi mánaðar.
Þú getur lesið meira um Þrennu hér.
 - **Gagnamagn** er töluvert hagstæðari inneign fyrir gagnamagn, en gildir aðeins fyrir netnotkun á Íslandi og í löndum innan EES.
- Ýttu svo á **Áfram**
- Ef þú valdir Áfyllingu eða Gagnamagn, getur þú valið hvort þú viljir fylla reglulega á númerið.
- Veldu greiðslukort eða skráðu nýtt.
- Smelltu loks á **Kaupa** til að klára kaupin.

Reikningar

Ef þú vilt setja reikningana þína í boðgreiðslu eða fá þá senda í tölvupósti geturðu gert það með nokkrum smellum!

Skoða eldri reikninga

- Veldu **Aðgerðir** neðst á skjánum.
- Veldu **Reikningar**.
- Seinustu sex reikningarnir eru hópaðir eftir hvort þeir eru greiddir eða ekki neðst á síðunni.

Fá reikninga senda í tölvupósti

- Veldu **Aðgerðir** neðst á skjánum.
- Veldu **Reikningar**.
- Hakaðu við **Fá fjarskiptareikninga í tölvupósti**.
- Sláðu inn netfangið þitt og ýttu á **Staðfesta**.

Setja reikninga í boðgreiðslu

- Veldu **Aðgerðir**
- Veldu **Reikningar**
- Hakaðu við **Reikningar í boðgreiðslu**
- Stimplaðu inn kortanúmerið þitt
- Veldu **Staðfesta**

